

Stofnfiskur hf.
Ella Kristín Geirsdóttir
Stadarberg 2-4
221 Hafnarfjörður

Reykjavík, 20. október 2020
UST202003-316/gf
08.12.02

Varðar reglubundið eftirlit 2020 – Stofnfiskur hf. – fiskeldi í Kirkjuvogi í Höfnum


Þann 8.7.2020 fór fram eftirlit í fiskeldi Stofnfisks hf. í Kirkjuvogi í Höfnum, Reykjanæsbæ. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávik komu fram við eftirlit en ein ábending var gerð (sjá meðfylgjandi skýrslu).

Virðingarfyllst,



Gottskálk Friðgeirsson



Hulda Soffía Jónasdóttir
Hulda Soffía Jónasdóttir
sérfræðingur

Afrit:
Heilbrigðisnefnd Suðurnesjasvæðis

**Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi**

Eftirlit með fiskeldisstöð - Gátlisti

Nafn rekstraraðila:	Dags. eftirlits:	Staðsetning stöðvar:	Brottfallinn starfsleyfisflokur:
Stofnfiskur	8. júlí 2020	Kirkjuvogur í Höfnum	4
Kennitala rekstraraðila:	Gildistími starfsleyfis:	Kvittun afhend:	Gerð stöðvar:
620391 1079	Stöðin hefur undanþágu UAR frá kröfum um starfsleyfi sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarmir	Já – 8. júlí 2020	Landeldi

Starfssemi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Er umfang í samræmi við starfsleyfi?	X			<p>Stöðin hefur undanþágu UAR frá kröfum um starfsleyfi sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarmir. Undanþágan er dagsett 1. júlí 2020 og rennur út 1. júlí 2021. Undanþágan heimilur framleiðslu á 200 tonnum af fiski og fylgja skal samræmdum starfsleyfisskilyrðum.</p> <p>Fyrri starfsleyfi var gefið út af HES þann 14. janúar 2005 og byggði á samræmdum starfsleyfisskilyrðum.</p> <p>Frjógvuð hrognkelsahrogn eru flutt frá Fræðasetrinu í Sandgerði rétt fyrir klak og eftir að dýralæknir hefur úrskurðað hrognin hrein. Hrognin klekjast í stöðinni í Kirkjuvogi og eru alin upp í 25 grömm en á eru þau seld til laxeldisstöðva til aflúsunar á eldisfiski.</p>
Breytingar á starfsemi frá síðasta eftirliti?	X			<p>Rekstraraðili sótti um og fékk undanþágu frá ákvæði í 2. mgr. 9. greinar reglugerðar fráveitur og skólp nr. 798 /1999 þar sem fram kemur að öllu skólpi sem veitt er til sjávar skuli veitt minnst 5 metra niður fyrir meðalstórstraumsfjöruborð eða 20 metra út frá meðalstórstraumsfjörumörkum.</p> <p>Kirkjuvogur er fyrir opnu hafi og öldugangur og brim mikið við ströndina. Vatnsskipti eru því hröð í fjörinni.</p> <p>Framkvæmdir standa yfir við útrásirnar og verið er að setja fiskigildir í bæði frárennslin.</p>
Áætlaðar breytingar?				

Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi

				Sótt hefur verið um nýtt starfsleyfi með 160 tonna leyfi fyrir framleiðslu á laxi og 160 tonna leyfi fyrir framleiðslu á hrognkelsaseiðum, hrognum og klakfiski. Ein tegund verður í stöðinni í einu.
Er innra eftirlit og skráningar í samræmi við starfsleyfi (sjá grein 3.1. í starfsleyfi).	X			Rekstraraðili er ekki með starfsleyfi, en skráningar eru góðar, gæðahandbók.
Ársskýrsla/samantekt skilað fyrir 1. mars?	X			Ársyfirliti og niðurstöðum frárennslismælinga skilað 30. apríl 2020
Grænu bókhaldi og ústreymsibókhaldi skilað fyrir 1. maí?			X	
Er áhættumat og uppfærðar viðbragðsáætlanir aðgengilegar á staðnum? (viðbragðsáætlun vegna bráðmengunar, viðbragðsáætlun vegna tímabundinnar og ótímabundinnar rekstrarstöðvunar)	X			Uppfært áhættumat dags. 26.2.2019. Áætlanir liggja fyrir og eru endurskoðaðar nú þegar nýtt starfsleyfi er í vinnslu. Áætlun vegna slysasleppingar dags. 31.10.2019 Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar dags. 18.10.2017 Vöktunaráætlun er ódagsett.
Samráðsfundur? Næsti fundur boðaður?			X	
Er trygging vegna bráðamengunar í gildi?	X			Skírteini nr. TR-0472433
Er neyðaráætlun til staðar?	X			Sjá VR-A34 í gæðahandbók.
Umhverfi	Já / Í lagi	Nei / Ekki í lagi	Á ekki við	Athugasemdir:
Umhverfismarkmið og umhverfisstjórnunarkerfi?			X	Vinna ekki eftir umhverfisstjórnunarkerfi. Unnið er að uppsetningu umhverfisstjórnunarkerfis hjá móðurfyrirtækinu (Benchmark) og það verður tekið upp hérlendis.

Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi

Stýring á fóðurgjöf þannig að úrgangsmýndun sé í lágmarki?	X			<p>Árið 2018 var fóðurstuðull 0,66 en 2019 var hann 0,78</p> <p>Notuð er Artemiu sp. (fóðurdýr) sem alin eru upp á staðnum en eins er notað þurrfóður.</p> <p>Diskafóðrarar eru notaðir í seiðaeldinu en tölvustýrðir Betten fóðrarar í áframeldinu.</p>
Er skráning á losun fósfórs og köfnunarefnis? Eru losunarmörk virt?	X			<p>Já</p> <p>Engin losunarmörk eru í samræmdum starfsleyfisskilyrðum en losun á fosfór er um 11 kg/framleitt tonn.</p> <p>Mælingar</p> <p>2019</p>
Mælingar eða útreikningar?				
Síðustu mælingar?				
Ástand frárennslis. Eru set eða útfellingar? Olía eða froða? Sorp eða aðrir aðskotahlutir? Hitauppgufun frá frárennslis? Er óeðlileg lykt? Er fiskur í frárennslis?	X			<p>Tvær útrásir eru að Kirkjuvogi, útrás 1 er frá seiðahúsi en útrás 2 frá áframeldi.</p> <p>Unnið er að breytingum á frárennslum og verða fiskagildrum settar á útrásirnar.</p> <p>Rekstraraðili fékk undanþágu HES frá því að uppfylla ákvæði 9.2. í 9. grein reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.</p>
Nánari lýsing á mengunarvarnarábúnaði í frárennslis, síun, settjörn, tromlur, oþh. Leið frárennslis frá kerri að viðtaka.	X			<p>Unnið er að uppsetningu á fiskagildrum í frárennslis stöðvarinnar en engin frekari hreinsun er á frárennslis.</p> <p>Aðskildar lagnir eru frá seiðahúsi og áframeldi. Þær liggja stystu leið út í sjó.</p>
Ástand og lýsing viðtaka (s.s. fjarlægð frá kerum, ferskvatn, sjór).	X			<p>Stöðin er nálægt sjó. Brimasamt er við ströndina og vatnsskipti hröð.</p> <p>Engin uppsöfnun á úrgangsefnum sást við útrásarenda.</p>
Er eftirlit með vatnsgæðum í viðtaka.			X	<p>Engin vöktun er á viðtakanum (sjónum).</p>

Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi

Meðhöndlun úrgangs og spilliefna í samræmi við starfsleyfi? Söfnun og förgun dauðfisks?	X			Dauðfiskur fer í fóðurgerð til Skinnfisks ehf. í Sandgerði. Sorp er ekki flokkað en fer til viðurkennds móttakanda. Spilliefni fara í spilliefnamóttöku. Kvittanir eru til staðar.
Er umhverfsvöktun í samræmi við starfsleyfi?			X	
Skil á niðurstöðum mælinga umhverfsvöktunar.			X	
Skil á öðrum mælingum sem nefndar eru í starfsleyfi, ef við á.			X	
Næstu áætluðu mælingar? Hverjar? Er það skv. starfsleyfi? Hver sér um mælingarnar?			X	Árlegar eða í samræmi við nýtt starfsleyfi sem unnið er að. Mælt er: COD/BOD5 Svifagnir (TSS) N total P total Sýni ehf.

Niðurstöður síðasta eftirlits:

Fjögur frávik komu fram í síðasta eftirliti (2018) er varða rekstur án starfsleyfis, áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar, áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar og losun efna út í náttúruna. Öll frávikin eru komin í farveg eða fullnægjandi úrbætur gerðar.

Tvær ábendingar voru gerðar um umgengni utanhúss og skráningar á losun efna út í náttúruna. Rekstraraðili hefur brugðist við ábendingunum.

Samantekt:


Sest var á fund með fulltrúum rekstraraðila, Ellu Kristínu Geirsdóttur, Julia S. Morozova, Auði Eyberg Helgadóttur, Viðari Erni Victorssyni og Andra Rúnari Sigurðssyni.

Fulltrúar rekstraraðila kynntu reksturinn í Kirkjuvogi, tekin staða á frávikum og ábendingum síðustu ára. Öll atriði eru komið í réttan farveg.
Farið yfir umhverfiskröfur sem gerðar eru til fiskeldisfyrirtækja um framlagðar áætlanir, skráningar, skýrslur og ársyfirlit, mælingar, losunarmörk í frárennsli og tilkynningar. Kynnt var áhættumat sem leggja á til grundvallar þegar tíðni eftirlita er ákvörðuð.

Áhersluverkefni ársins um skráningu olúgeyma á landinu var kynnt.

Eftirlit með fiskeldisstöð
Landeldi

	<p>Ein ábending var gerð: Ábending var gerð um að skrá olúgeyma og skila gögnum um geyma til Umhverfisstofnunar.</p> <p>Farið var í skoðun á stöðinni. Fyrst gengið um seiðahús og skoðuð ræktun Artemíu, skoðuð ker með seiðum á mismunandi vaxtarskeiðum og fóðrun og fóðrunarbúnaður. Farið yfir í áframeldishús þar sem stærri fiskur var í kerjum. Bólusetning stóð yfir þegar gengið var um húsið.</p> <p>Utanhúss var snyrtilegt um að litast en framkvæmdir stóðu yfir við breytingar á útrásum.</p>
Annað:	<p>Í eftirlitinu voru rekstraraðila afhent:</p> <ol style="list-style-type: none">1. Leiðbeiningar um útreikninga á losun í fiskeldi og2. Leiðbeiningar um tilkynningar vegna mengunaróhappa.



Undirskrift eftirlitsmanns: _____

EFTIRLITSSKÝRSLA

Stofnfiskur Kirkjuvogur



Dags eftirlits	8.7.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálf Friðgeirsson
Fyrirtæki	Stofnfiskur	Eftirlitsmaður	Gottskálf Friðgeirsson
Heimili	Staðarbergi 2-4	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	620391-1079	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Andri Rúnar Sigurðsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Ella, Viðar, Júlía og Auður	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekkert frávik fannst í eftirlitinu en ein ábending var gerð.

Ábendingin snýr að skráningu olfugeyma.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið í Kirkjuvogi fór fram 8. júlí sl. og fólst í fundi þar sem farið var yfir þau málefni sem voru á dagskrá og endað var með skoðun á fiskeldisstöðinni. Á dagskrá voru eftirfarandi atriði:

1. Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti – úrbætur fráviks og ábendinga
2. Kröfur til fiskeldisfyrirtækja – kröfur í starfsleyfum
3. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
4. Skráning olfugeyma skv. reglugerð nr. 884/2017

Fulltrúar Stofnfisks ehf. voru Ella Kristín Geirsdóttir, Júlía S. Morozova, Auður Eyberg Helgadóttir, Viðar Örn Victorsson og Andri Rúnar Sigurðsson. Gottskálf Friðgeirsson var eftirlitsmaður Umhverfisstofnunar.

Rekstraraðili er ekki með gilt starfsleyfi en fékk undanþágu umhverfis-, og auðlindaráðuneytisins frá því að hafa starfsleyfi þann 1. júlí sl. Fylgja skal samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir fiskeldi og skal stöðin hafa rekstraleyfi frá Matvælastofnun.

Stofnfiskur í Kirkjuvogi er stöð þar sem ræktuð eru hrognkelsaseiði upp í 25 gramma stærð. Allt eldið er innanhúss. Notað er ísalt vatn úr borholum á svæðinu sem er um 8 °C heitt og eins fullsaltur sjór. Fjórar borholur eru á lóðinni. Fóðrað er með saltvatnsrækjum (Artemiu sp.) og þurrfóðri Laxá (Biomar). Hreinsun er í öllum kerjum og verið er að setja fiskagildrur í útrásir.

Stöðin stendur við Kirkjuvog 13 í Höfnum og húsnæðið er um 2234 m².

Vísað er í meðfylgjandi gátlista um niðurstöður eftirlitsins.

ÁBENDINGAR

Rekstraraðila var afhent excel-skjal til útfyllingar vegna olfugeyma sem eru í notkun í stöðinni.

Útfyllt skjal barst stofnuninni 13. júlí sl.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 15.10.2020


Gottskálf Friðgeirsson